

Upplýsingar um útgáfu korts af vestursvæði Suðurlands

Málsaðili : Rangárþing ytra
Tengiliður :
Dagsetning : 09.02.2017
Númer : 1702018
Flokkur :

Efni :

Sem framhald af markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Suðurland sem markaðsstofa Suðurlands hefur unnið að þá var farið í gerð nýs korts af Suðurlandi. Það kort mun taka við af Power and Purity kortinu sem allir þekkja vel. Það kort sem við erum hluti af nær yfir Suðurland frá Eystri-Rangá að Ölfus og allt upp að Langjökli. Samhliða verður gefið út heildarkort fyrir Suðurland og svo kort af hinum tveimur svæðunum, miðsvæðið (RE, Mýrd. Og Skaft) og austursvæði (Hornafjörður).

Ég boðaði áhugasama ferðþjónustuaðila á fund til þess að fara yfir ýmiss atriði varðandi kortið t.d. hvaða vegi á að hafa á því, hvaða áfangastaði, hvaða bæjarnöfn, hvaða þjónustumerki, hvaða örnefni o.s.frv. Því miður var mjög dræm mæting á fundinn en í heildina hafa haft samband við mig aðilar frá 6 ferðþjónustufyrirtækjum á svæðinu.

Við berum ekki kostnað af kortagerð og hönnun kortsins en sá kostnaður er greiddur af sóknaráætlun suðurlands. Við munum hinsvegar greiða fyrir það upplag sem við prentum. Þó er gert ráð fyrir að sá kostnaður verði lægri en sá kostnaður sem hefur verið lagt í vegna power and purity undanfarin ár.